

Mýrdalshreppur

Ársreikningur 2022



Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Kt. 461283-0399

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Mýrdalshrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.202,4 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.144,6 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,39% en lögbundið hámark þess er 0,625%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er það sama.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 188,4 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 235,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 1.387,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.552,5 millj. kr.

Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Vík, 27. apríl 2023.


Sveitarstjóri:



Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Vík, 17. maí 2023.

Sveitarstjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Mýrdalshrepps fyrir árið 2022 sem hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 17. maí 2023.

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	688.284	604.948	553.136	682.958	601.094	547.896
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	299.942	243.463	219.912	299.942	243.463	219.912
Aðrar tekjur	4	156.363	105.768	126.466	219.537	162.258	225.721
		<u>1.144.589</u>	<u>954.179</u>	<u>899.514</u>	<u>1.202.437</u>	<u>1.006.815</u>	<u>993.529</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	519.115	497.669	474.156	519.115	497.669	474.156
Annar rekstrarkostnaður		383.288	310.929	316.639	397.088	327.159	328.135
		<u>902.403</u>	<u>808.598</u>	<u>790.796</u>	<u>916.202</u>	<u>824.829</u>	<u>802.292</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		242.186	145.581	108.718	286.235	181.987	191.237
Afskriftir	8	(23.850)	(35.191)	(23.136)	(41.667)	(53.605)	(40.475)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		<u>218.337</u>	<u>110.390</u>	<u>85.582</u>	<u>244.568</u>	<u>128.382</u>	<u>150.762</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	17.062	1.813	17.383	(56.310)	(40.197)	(37.449)
Tekjuskattur	11	0	0	0	125	180	125
Rekstrarniðurstaða	15	<u>235.399</u>	<u>112.203</u>	<u>102.966</u>	<u>188.383</u>	<u>88.365</u>	<u>113.438</u>

*sjá skýringu 3p

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2022	*Endurgert 2021	2022	*Endurgert 2021	
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	749.095	646.110	1.044.072	950.457
Veitur, gatnakerfi og sjóvörn	8	177.487	120.926	351.030	298.060
Vélar, áhöld og tæki	8	55.287	33.889	55.287	33.889
		<u>981.869</u>	<u>800.925</u>	<u>1.450.389</u>	<u>1.282.405</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	70.239	70.157	55.304	55.222
Tekjuskattseign	11	0	0	3.278	3.152
Langtímakröfur	12	84.861	91.670	84.861	91.670
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	370.330	376.664	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	33.942	35.483	33.942	35.483
		<u>559.372</u>	<u>573.974</u>	<u>177.385</u>	<u>185.527</u>
Fastafjármunir		<u>1.541.241</u>	<u>1.374.899</u>	<u>1.627.774</u>	<u>1.467.932</u>
Veltufjármunir					
Birgðir		1.390	1.184	1.390	1.184
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	14	119.737	67.408	124.461	72.359
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		85.335	62.062	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	1.541	1.541	1.541	1.541
Aðrar skammtímakröfur		42.337	58.021	42.337	58.021
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	41.504	36.325	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	12	6.898	6.898	6.898	6.898
Handbært fé	3k	319.912	242.772	319.912	242.772
Veltufjármunir		<u>618.653</u>	<u>476.211</u>	<u>496.538</u>	<u>382.775</u>
Eignir samtals		<u>2.159.894</u>	<u>1.851.111</u>	<u>2.124.312</u>	<u>1.850.708</u>

*sjá skýringu 3p

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2022	*Endurgert 2021	2022	*Endurgert 2021
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	15	1.552.506	1.243.685	1.387.448	1.120.292
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	16	108.728	106.894	108.728	106.894
Aðrar skuldbindingar.....		1.481	1.417	1.481	1.417
		110.209	108.310	110.209	108.310
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	17	304.080	316.475	447.027	451.669
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		19.258	18.011	0	0
Næsta árs gr. lífeyrisskuldbindingar	16	6.618	5.627	6.618	5.627
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	41.350	37.194	46.226	41.589
Fyrirframinnheimtar tekjur		783	2.092	783	2.092
Aðrar skammtímaskuldir		125.091	119.716	126.002	121.129
		193.100	182.641	179.629	170.437
Skuldir og skuldbindingar samtals		607.389	607.426	736.864	730.416
Eigið fé og skuldir samtals		2.159.894	1.851.111	2.124.312	1.850.708

*sjá skýringu 3p

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings 19

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	A hluti			A og B hluti			
	Skýr.Ársreikningur	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert	
			Ársreikningur 2021			Ársreikningur 2021	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	15	235.399	112.203	102.966	188.383	88.365	113.438
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	23.850	35.191	23.136	41.667	53.605	40.475
Verðbætur		(8.521)	4.293	(1.193)	42.759	21.069	25.908
Söluhagnaður fastafjármuna		(71)	0	0	(71)	0	(41.867)
Tekjuskattseign, breyting	11	0	0	0	(125)	0	(125)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	9.116	4.300	22.718	9.116	4.300	22.718
Veltufé frá rekstri		259.772	155.987	147.627	281.728	167.339	160.548
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, breyting		(168)	0	156	(168)	0	156
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting		1.541	1.541	1.541	1.541	1.541	1.541
Óinnheimtar tekjur, breyting		(52.676)	0	(14.065)	(52.449)	0	(18.587)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		16.852	0	(38.239)	16.852	0	(38.185)
Skammtímaskuldir, breyting		(1.517)	0	38.718	(2.019)	0	38.243
Fyrirfram innh. tekjur, breyting		0	0	(14.723)	0	0	(14.723)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldb.	16	(6.452)	(4.200)	(5.488)	(6.452)	(4.200)	(5.488)
Samtals		(42.421)	(2.659)	(32.100)	(42.696)	(2.659)	(37.043)
Handbært fé frá rekstri		217.351	153.328	115.527	239.032	164.680	123.505
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8	(143.695)	(693.736)	(51.089)	(148.552)	(712.048)	(65.718)
Óinnheimt gatnagerðagjöld breyting	8	17.193	30.000	29.519	17.193	30.000	29.519
Söluverð rekstrarfjármuna		248	0	0	248	0	47.000
Eignarhlutur breyting		(81)	0	0	5.270	0	0
Langtímakröfur, breyting	12	6.880	6.898	6.321	6.880	6.898	6.321
Langtímakr. á eigin ft, breyting.....	12	39.603	36.733	34.638	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(79.851)	(620.105)	19.389	(118.961)	(675.150)	17.122
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		(22.026)	(48.212)	1.495	0	0	0
Tekin ný langtímalán		0	350.000	0	0	350.000	0
Afborganir langtímalána	17	(38.631)	(34.929)	(37.824)	(43.228)	(39.448)	(42.040)
Aðrir liðir		297	0	242	297	0	242
Fjármögnunarhreyfingar		(60.360)	266.859	(36.086)	(42.931)	310.552	(41.798)
Hækkun á handbæru fé		77.140	(199.918)	98.830	77.140	(199.918)	98.830
Handbært fé í ársbyrjun		242.772	234.691	143.942	242.772	234.691	143.942
Handbært fé í árslok		319.912	34.773	242.772	319.912	34.773	242.772

*sjá skýringu 3p

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Mýrdalshreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 880 þann 1. desember 2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Vík í Mýrdal.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Mýrdalshrepps árið 2022 hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og víðeigandi skýringar.

Til samræmis við 3. mgr. 20 gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaför sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð auk hlutdeildar sveitarfélagsins í byggðasamlögum Bergisinn bs., Byggðasafnið Skógum, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs., Félagsþjónusta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu og Skólaþjónusta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Almennar leiguíbúðir, Fráveita, Hitaveita og Vatnsveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að öðru leyti en gert er grein fyrir í skýringu 3p um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrar útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar, frh.:

3 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gagnvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eignfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi, byggingarland og sjóvarnir.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 - 6 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

g. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra. Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað er við gildanandi lög á uppgjörsdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Lagt hefur verið mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps færð upp að því marki sem talið er að það muni nýtast.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

3 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2022. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

n. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

p. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu breytingu á 20. gr. reglugerðar 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðasamalog, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagsforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Í breytingunni fólst sveitarfélagið færir nú hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara aðila til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína. Áhrif þessa voru þau að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags í A hluta áhrif vegna samstarfsverkefna sem talin eru upp í skýringu 10. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis sjá áhrif þessa á samanburðarfjárhæðum ársins 2021 í skýringu 23.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	570.619	487.227	444.117	570.619	487.227	444.117
Fasteignaskattur.....	101.562	103.777	94.759	96.237	99.923	89.520
Lóðarleiga.....	16.103	13.944	14.260	16.103	13.944	14.260
	688.284	604.948	553.136	682.958	601.094	547.896
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna tekjufjöfnunar.....	3.916	0	0	3.916	0	0
Fasteignaskattsframlag.....	67.809	58.245	55.133	67.809	58.245	55.133
Útgjaldajöfnunarframlag.....	107.855	85.361	93.399	107.855	85.361	93.399
Framlög vegna grunnskóla.....	47.576	47.293	18.281	47.576	47.293	18.281
Framlög vegna fatlaðs fólks.....	67.658	52.564	51.085	67.658	52.564	51.085
Önnur framlög.....	5.129	0	2.013	5.129	0	2.013
	299.942	243.463	219.912	299.942	243.463	219.912
Skatttekjur samtals	988.226	848.411	773.048	982.900	844.557	767.808
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	156.363	105.768	126.466	219.537	162.258	225.721
Rekstrartekjur samtals.....	1.144.589	954.179	899.514	1.202.437	1.006.815	993.529

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021
Laun	415.167	404.665	367.473	415.167	404.665	367.473
Launatengd gjöld	94.075	87.125	84.306	94.075	87.125	84.306
Annar áfallinn launakostnaður.... (784)	0	(781)	(784)	0	(781)	(781)
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs....	1.541	1.579	1.541	1.541	1.579	1.541
	509.999	493.369	452.538	509.999	493.369	452.538
Breyting lífeyrisskuldbindingar...	9.116	4.300	21.618	9.116	4.300	21.618
Laun og launat. gjöld samtals ...	519.115	497.669	474.156	519.115	497.669	474.156
				2022	2021	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				56	55	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				39	39	
Ársverk.....				44	44	
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				37.050	27.692	

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021
Vaxtatekjur og verðbætur.....	1.418	2.144	660	1.418	2.144	660
Vaxtagjöld og verðbætur	(40.809)	(33.365)	(27.208)	(57.728)	(42.341)	(38.108)
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	56.453	33.034	43.931	0	0	0
Fjármunatekjur (fjármagnsgj.) samt..	17.062	1.813	17.383	(56.310)	(40.197)	(37.449)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum	Ársreikningur 2021
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	929.811	803.465	730.620
Félagsþjónusta	(46.042)	(55.580)	(68.585)
Heilbrigðismál	(61)	(22)	(357)
Fræðslu- og uppeldismál	(323.273)	(315.732)	(290.769)
Menningarmál	(32.648)	(28.240)	(25.657)
Æskulýðs- og íþróttamál	(73.229)	(76.140)	(70.300)
Brunamál og almannavarnir	(47.811)	(46.921)	(39.987)
Hreinlætismál	(10.462)	(9.244)	(6.454)
Skipulags- og byggingarmál	(41.572)	(31.788)	(33.117)
Umferðar- og samgöngumál	(26.713)	(16.053)	(13.879)
Umhverfismál	(13.500)	(13.336)	(12.868)
Atvinnumál	(7.809)	(5.676)	(2.871)
Sameiginlegur kostnaður	(116.822)	(104.575)	(96.515)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(10.371)	(5.879)	(23.159)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	43.863	35.436	33.290
Aðalsjóður samtals	223.362	129.714	79.394
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	8.747	(15.535)	17.907
Þjónustumiðstöð	1.168	(2.041)	4.699
Samstarfsverkefni A hluta	2.122	64	965
A hluti samtals	235.399	112.203	102.966
B hluta fyrirtæki:			
Félagslegar íbúðir	(9.028)	(5.228)	(5.472)
Almennar leiguíbúðir	(7.267)	(4.942)	(5.723)
Leiguíbúðir	(23.224)	(10.630)	24.263
Vatnsveita	9.980	8.730	8.256
Hitaveita	(5.645)	(5.651)	(5.545)
Fráveita	(11.831)	(6.117)	(5.306)
A og B hluti samtals	188.383	88.365	113.438

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi og sjóvörn	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti				
Heildarverð 31.12.2021	897.586	165.558	56.831	1.119.975
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð	61.426		3.033	64.459
Heildarverð 1.1.2022	959.012	165.558	59.865	1.184.435
Afskrifað 31.12.2021	(303.458)	(44.632)	(23.817)	(371.907)
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð	(9.444)		(2.200)	(11.644)
Afskrifað 1.1.2022	(312.902)	(44.632)	(26.016)	(383.551)
Bókfært verð 1.1.2022	646.110	120.926	33.849	800.885
Viðbót á árinu	35.622	63.646	27.234	126.502
Endurmat lóða og lendna	76.779	0	0	76.779
Selt á árinu	0	0	(177)	(177)
Afskrifað á árinu	(11.085)	(7.086)	(5.679)	(23.850)
Áhrif breytinga hlufalls samstarfsverkefna	1.669	0	60	1.729
Bókfært verð 31.12.2022	749.095	177.487	55.287	981.869
Heildarverð 31.12.2022	1.073.082	229.204	87.159	1.389.445
Afskrifað samtals	(323.987)	(51.718)	(31.873)	(407.578)
Bókfært verð 31.12.2022	749.095	177.487	55.287	981.869

0 - 4%

4%

15 - 20%

	Fasteignir og lóðir	Gatna- veitu- kerfi og sjóvörn	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 31.12.2021	1.264.312	533.077	56.831	1.854.220
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð	61.426	0	3.033	64.459
Leiðrétt fjárfesting vegna Almennra leiguíbúða	11.202	0	0	11.202
Heildarverð 1.1.2022	1.336.940	533.077	59.865	1.929.881
Afskrifað 31.12.2021	(377.038)	(235.017)	(23.817)	(635.872)
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð	(9.444)		(2.200)	(11.644)
Afskrifað 1.1.2022	(386.482)	(235.017)	(26.016)	(647.516)
Bókfært verð 1.1.2022	950.458	298.060	33.849	1.282.366
Viðbót á árinu	35.622	68.503	27.234	131.359
Endurmat lóða og lendna	76.779	0	0	76.779
Selt á árinu	0	0	(177)	(177)
Afskrifað á árinu	(20.454)	(15.534)	(5.679)	(41.667)
Áhrif breytinga hlufalls samstarfsverkefna	1.669	0	60	1.729
Bókfært verð 31.12.2022	1.044.072	351.030	55.287	1.450.389
Heildarverð 31.12.2022	1.451.010	601.580	87.159	2.139.749
Afskrifað samtals	(406.937)	(250.551)	(31.873)	(689.360)
Bókfært verð 31.12.2022	1.044.072	351.030	55.287	1.450.389

0 - 4%

4%

15 - 20%

Afskriftahlutföll

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2022	Áætlun 2022 m. viðaukum
A hluti		
Fasteignir og önnur mannvirki:		
Leikskóli	22.935	573.750
Leikskólar	9.034	0
Líkamsræktarstöð	3.653	4.000
Ýmislegt	0	19.562
	35.622	597.312
Gatnakerfi og búnaður:		
Framkvæmdakostnaður	72.843	67.874
Gatnagerðargjöld	(17.193)	(30.000)
Gangstigar	0	7.000
Vatnsaflsvirkjun og styrkur frá Byggðastofnun	7.996	0
	63.646	44.874
Lausafjármunir:		
Tækjabíll	9.038	9.000
Varmadæla sundlaug	2.525	6.000
Hreystibraut	15.156	6.550
Samstarfsverkefni A hlutdeild	515	0
	27.234	21.550
A hluti samtals.....	126.502	663.736
B hluti		
Vatnsveita:		
Framkvæmdakostnaður	1.468	2.406
Tengigjöld	(576)	(2.400)
	892	6
Fráveita:		
Framkvæmdakostnaður	3.966	20.706
Heimæðagjöld	0	(2.400)
	3.966	18.306
B hluti samtals.....	4.857	18.312
Samtals A og B hluti	131.359	682.048

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2022:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	624.890	1.262.140
Brunabótamat fasteigna.....	1.988.950	2.736.350
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	288.174	288.174
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		584.893

Skýringar, frh.:

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	3,25%	3,25%	3.666	3.666
Kötlusetur ses	11,40%	11,40%	7.500	7.500
Katla jarðvangur ses	8,90%	8,90%	250	250
Vottunarstofan Tún hf.	6,67%	6,67%	570	570
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf	0,87%	0,87%	804	804
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf	1,49%	1,49%	3.216	3.216
Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf.	0,14%	0,14%	100	100
Landskerfi bókasafna hf.	0,10%	0,10%	138	138
Háskólafélag Suðurlands ehf.	3,24%	3,24%	2.255	2.255
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,37%	0,37%	32.689	32.689
Líf í Mýrdal ehf.	15,04%	15,04%	4.000	4.000
Arnardrangur hses.			31	31
Brá íbúðafélag hses.			50	50
Almennar leiguíbúðir	100,00%		14.936	0
Hlutdeild í eignarhlutum samstarfsverkefna			35	35
			<u>70.239</u>	<u>55.304</u>
Niðurfærsla eignarhluta			0	0
